



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 16/2011

## **Skráning Glerja og lása ehf. á léninu glermenn.is**

### **I. Erindið**

Með bréfi Glermanna ehf. til Neytendastofu, dags. 9. nóvember 2010, er kvartað er yfir skráningu Glerja og lása ehf. á léninu glermenn.is. Að mati Glermanna hafa Gler og lásar með skráningunni brotið gegn 5. gr., 8. gr. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Kröfur Glermanna eru að lénið verði umskráð hjá ISNIC á nafn kvartanda.

Í erindinu segir að Glermenn hafi verið starfræktir frá 5. september 2006. Tilgangur fyrirtækisins sé glerisetningar í húsum og viðgerðir þeim tengdar svo og rekstur fasteigna og lánastarfsemi. Gler og lásar hafi verið starfrækt frá 22. desember 2008.

Hinn 7. janúar 2010 hafi Gler og lásar skráð lénið glermenn.is. Sé farið inn á veffangið glermenn.is birtist heimasíða Glerja og lása, en veffang fyrirtækisins sé lykklar.is.

Skv. vottorði úr fyrirtækjaskrá sé tilgangur Glerja og lása kaup, sala, útleiga og rekstur fasteigna og lánastarfsemi ásamt fjárfestingum í hlutafélögum. Af heimasíðu fyrirtækisins megi þó ráða að félagið sinni svipaðri þjónustu og Glermenn. Til dæmis sé skýrt tekið fram að fyrirtækið sinni neyðarþjónustu vegna rúðubrota og innbrota.

Þegar haft sé í huga að Gler og lásar hafi með höndum svipaða starfsemi og Glermenn sé notkun Glerja og lása á léninu glermenn.is afar villandi gagnvart neytendum. Með skráningunni hafi Gler og lásar ógnað viðskiptahagsmunum og samkeppnisstöðu Glermanna. Háttsemin brjóti í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og sé líkleg til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda.



Í þessu sambandi skipti máli að Glermenn hafði verið starfrækt í rúm tvö ár áður en Gler og lásar var stofnað. Þegar Gler og lásar hafi skráð lénið glermenn.is 7. janúar 2010 og notað það samhliða sínu upprunalega léni til að vísa á heimasíðu sína hafi fyrirsvarsmönnum þess mátt vera ljóst að verið væri að villa um fyrir neytendum. Í raun sé engin önnur sjáanleg ástæða fyrir því að skrá lénið nema til þess að klekkja á keppinauti með því að gefa í skyn að þeir neytendur sem vilji hafa samband við Glermenn eigi að snúa sér til Glerja og lása.

Úrskurðarnefnd ISNIC og Neytendastofa hafi margoft metið slíka háttsemi ólögmeða.

## **II. Málsmeðferð**

### **1.**

Erindi Glermanna var sent Glerjum og lásam til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 15. nóvember 2010. Svar Glerja og lása er dags. 15. desember 2010.

Þar segir að Gler og lásar telji ekki ástæðu til aðgerða af hálfu Neytendastofu vegna erindisins þar sem að með skráningunni hafi ekki verið brotið gegn ákvæðum laga nr. 57/2005.

Fyrirtækið Gler og lásar hafi verið stofnað á árinu 1992 og hafi frá þeim tíma m.a. rekið öfluga útkallsþjónustu vegna neyðaropnana, neyðarlokana og hvers kyns bráðaviðgerða allan sólarhringinn. Fyrirtækið sérhæfi sig í lásaopnunum, byrgingu glugga, glerisetningum og viðgerðum á sviði trésmíði en þó einkum á glugga og hurðambúnaði bæði úr tré og stáli. Rangt sé að fyrirtækið hafi einungis verið starfrækt frá 22. desember 2008. Hið rétta sé að Gler og lásar hafi verið starfrækt frá árinu 1992 en á árinu 2008 hafi félaginu hins vegar verið skipt upp og stofnað sérstakt félag um rekstrarþátt þess. Það félag beri heitið Gler og lásar – Neyðarlokanir ehf. en móðurfélagið Gler og lásar hafi hins vegar verið gert að eignarhaldsfélagi.

Gler og lásar sé rétt hafi að nokkrum lénum sem öll tengist þeirri starfsemi sem félagið eða félög í þess eigu hafi með höndum og megi þar nefna sem dæmi lénin lyklar.is, glerisetningar.is, glermenn.is, las.is, lasar.is og neyðaropnanir.is. Sammerkt með öllum þessum lénum sé að þau beri almenn orð sem eigi sér tilvísun í starfsemi Glerja og lása og vísi þau inn á heimasíðu fyrirtækisins eða félaga í eigu þess. Starfsemi Glerja og lása sé í megin atriðum tvískipt, annars vegar þjónusta sem tengd sé neyðaropnunum hvers konar svo sem lásaopnanir og hins vegar neyðarlokanir vegna rúðubrota og innbrota svo sem byrgingu glugga, glerisetningar, ásamt viðgerðum og almennri trésmíðavinnu. Starfsemi félagsins sé deildaskipt og er í því sambandi talað annars vegar um lásamenn eða lásadeild og hinsvegar um glermenn eða glerdeild.



Gler og lásar séu réttthafi lénsins glermenn.is, á grundvelli umsóknar félagsins til ISNIC. Engar athugasemdir hafi komið fram við skráningu lénsins. Í reglum um lénaskráningu hjá ISNIC gildi sú meginregla varðandi úthlutun léna að ef tveir eða fleiri aðilar sækja um skráningu á sama léni gildi að „fyrstur kemur, fyrstur fær“ enda uppfylli umsækjandi þau skilyrði sem sett séu fyrir skráningu lénsins. Gler og lásar hafi sótt um skráningu lénsins í upphafi ársins 2010 og hafi skráningin verið samþykkt 7. janúar 2010, enda lénið laust. Glermenn hafi verið stofnaðir í október 2006 og hafi fyrirtækið að því er séð verði ekki verið með skráð lén eða heimasíðu frá stofnun eða í tæp fjögur ár. Gler og lásar hafði verið starfrækt í 14 ár þegar Glermenn hafi verið stofnaðir. Hefði fyrirtækinu verið í lófa lagið að sækja um skráningu lénsins glermenn.is á þeim fjórum árum sem liðin eru frá stofnun fyrirtækisins. Sé aðgerðaleyfi fyrirtækisins með ólíkindum. Glermenn verði að setta sig við það að annar aðili sem hafi með höndum sambærilega starfsemi sé á undan að sækja um skráningu léns sem sé almennt orð sem hafi beina tilvísun til þeirrar starfsemi sem fyrirtækin hafi með höndum.

Gler og lásar vísi til þess að nafnið glermenn sé almennt orð sem sé samsett úr tveim algengum orðum, gler og menn. Orðið hafi skýra tilvísun til þeirrar starfsemi sem Gler og lásar hafi með höndum. Ekki sé hægt að fallast á það að fyrirtæki sem noti svo algengt orð í firmanafni sínu geti hindrað það að aðrir aðilar noti slíkt orð sem lén. Megi í þessu sambandi benda á ákvörðun Neytendastofu nr. 1/2005 þar sem Neytendastofa taldi að kvartandi, Harðviður ehf. yrði að hlíta því að orðið harðviður væri notað af öðrum aðila þar sem um almennt orð væri að ræða. Nákvæmlega sömu sjónarmið eigi við í þessu máli. Verndin takmarkist við að ekki sé um almennt orð að ræða og að orðið sé jafnframt lýsandi fyrir þá vöru eða þjónustu sem viðkomandi fyrirtæki hafi með höndum. Skv. framansögðu verði ekki séð að Gler og lásar hafi með skráningu á léninu glermenn.is brotið gegn ákvæðum 15. gr. a. laga nr. 57/2005.

Þá er því hafnað að skráning lénsins feli í sér óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum eða líklegt sé að skráningin komi til með að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Lénið vísi inn á heimasíðu Glerja og lása og verði ekki séð að verið sé að villa um fyrir neytendum á nokkurn hátt enda komi með skýrum hætti fram á heimasíðunni hvaða fyrirtæki standi að baki henni. Tilvísun til ákvæða 5. og 8. gr. laga nr. 57/2005 eigi ekki við rök að styðjast.

## 2.

Bréf Glerja og lása var sent Glermönnum með bréfi Neytendastofu, dags. 27. desember 2010. Svar Glermanna er dags. 3. janúar 2011. Þar er því mótmælt að nafnorðið glermaður eða glermenn sé almennt orð enda sé orðið ekki að finna í íslenskum orðabókum. Orðið sé ekki rótgróið í íslenskt mál og sé ekki notað sem slangur í daglegu tali fólks. Glermaður sé ekki viðurkennt starfsheiti. Undarleg sé sú röksemdafærsla Glerja og lása að orðið glermenn sé ekki nægilega sérkennandi þar sem það sé myndað úr tveim algengum orðum þar sem samsetning tveggja algengra orða geti óneitanlega búið til sérkennilegt orð. Vera megi að glermenn sé



slangur í þröngum hópi iðnaðarmanna, en jafnvel þó svo væri hefði það ekki áhrif á úrslit málsins þar sem niðurstaða þess ráðist, lögum samkvæmt, af málfari almennings.

### 3.

Bréf Glermanna var sent Glerjum og lásum til umsagnar með bréfi Neytendastofu dags. 10. janúar 2011. Svar Glerja og lása er dags. 31. janúar 2011. Þar er ítrekað það sjónarmið að orðið glermenn sé almennt orð sem samansett sé úr orðunum gler og menn eins og hátti til um mörg starfsheiti svo sem glerisetningarmenn, sjómenn og húsasmiðir. Öll hafi þessi orð skýra tilvísun til þeirrar starfsemi sem starfsheitin gefi til kynna. Hvort orðið finnist í orðabók geti ekki ráðið úrslitum í máli þessu. Orðið glermenn sé víða notað og sérstaklega í hópi iðnaðarmanna.

### 4.

Með bréfi Neytendastofu til málsaðila, dags. 8. febrúar 2011, var tilkynnt að gagnaöflun í málinu væri lokið. Bréfinu fylgdi skrá yfir gögn málsins. Jafnframt fylgdi bréfi til Glermanna til upplýsinga, afrit bréfs Glerja og lása, dags. 31. janúar 2011.

## III.

### Niðurstaða

#### 1.

Í máli þessu kvarta Glermenn ehf. yfir skráningu Glerja og lása ehf. á léninu glermenn.is. Gler og lásar fékk lénið skráð 7. janúar 2010. Að mati kvartanda hafa Gler og lásar með skráningunni brotið gegn ákvæðum 5. gr., 8. gr. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Orðið glermenn sé ekki lýsandi fyrir starfsemi Glerja og lása og veldur skráningin því að neytendur rugli fyrirtækjunum saman. Af hálfu Glerja og lása er því hafnað að skráningin brjót gegn framangreindum ákvæðum enda sé um almennt orð að ræða sem sé lýsandi fyrir starfsemi Glerja og lása og því geti Glermenn ekki notið einkaréttar á orðinu.

Í 5. gr. er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Ákvæði 8. gr. er í III. kafla laganna og varðar vernd fjárhagslegra hagsmuna neytenda. Í 1. mgr. 8. gr. er um það fjallað að viðskiptahættir séu óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti og raska verulega, eða eru líklegir til að raska verulega, fjárhagslegri hegðun neytenda.



Ákvæði V. kafla, svo sem 15. gr. a., gegna mikilvægu hlutverki sem viðmiðun og til leiðbeiningar við mat á því hvaða kröfur eigi lögum samkvæmt að gera til viðskiptahátta.

Í 15. gr. a. segir:

*„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“*

Í ákvæðinu felst almenn vernd auðkenna sem kemur til fyllingar á vörumerkjavernd eins og glögg sést af lögskýringargögnum þegar reglan var fyrst lögfest, svo sem greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga nr. 8/1993. Efnislega er 15. gr. a. samhljóða ákvæði eldri samkeppnislaga um almenna vernd auðkenna. Fyrri málsliður 15. gr. a. hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Samkvæmt greinargerðinni skiptir ákvæðið máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veita auðkennum. Þá segir í greinargerðinni að í 2. másl. greinarinnar sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti.

Báðir málsaðilar hafa skráð auðkenni sín með þar til bærum hætti. Glermenn er skráð sem einkahlutafélag í fyrirtækjaskrá, og Gler og lásar hefur skráð lénið glermenn.is hjá ISNIC. Að mati Neytendastofu eiga því báðir málsaðilar rétt til auðkenna sinna og á því 2. másl. 15. gr. a. laga nr. 57/2005 við í máli þessu.

## 2.

Réttur til vörumerkis getur stofnast annars vegar fyrir skráningu og hins vegar fyrir notkun. Meginreglan er sú að eigandi merkis öðlast einkarétt til nafnsins og er öðrum þar með óheimilt að nota það eða annað nafn sem líkist því svo mikið að ruglingshætta skapist. Ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 er einkum ætlað að vernda auðkenni gegn því að keppinautur noti annað auðkenni sem líkist því mikið. Við mat á ruglingshættu er litið til þess hvort málsaðilar séu í samkeppni og hvort þeir séu á sama markaðssvæði. Til þess að njóta einkaréttar verður vörumerkið að vera þess eðlis að það geti aðgreint eiganda vörumerkis málsaðila eða vöru hans eða þjónustu frá keppinautum og takmarkast verndin því við að vörumerkið sé ekki almennt orð og lýsandi fyrir þá vöru eða þjónustu sem málsaðili og keppinautar hans bjóða.



Þó svo orðið Glermenn sé samsett úr tveim algengum orðum, gler og menn, er orðið samsett að mati Neytendastofu hvorki almennt orð né lýsandi fyrir glerísetningu. Í gögnum málsins hefur ekki verið sýnt fram á að orðið sé notað almennt af þeim sem sinna glerísetningum. Þá er til þess að taka að orðið er ekki til í orðabókum. Í gögnum málsins er því einnig haldið fram að ein af ástæðum þess að lénið hafi verið skráð sé sú að starfsemi Glerja og lása sé deildaskipt og í því sambandi talað annars vegar um lásamenn eða lásadeild og hins vegar um glermenn eða glerdeild. Neytendastofa telur að þrátt fyrir að talað sé um glermenn innanhúss hjá fyrirtækinu þá er það ekki almenn málnotkun að mati Neytendastofu. Þá vekur það athygli Neytendastofu að Gler og lásar hafa samt sem áður aðeins séð ástæðu til að skrá lénið glermenn.is en ekki séð ástæðu til að skrá lénið lasamenn.is eða lásamenn.is.

Í ljósi þess að Glermenn hafa verið með rekstur frá því í september 2006, mátti Glerjum og lásamönnum vera það ljóst að skráning fyrirtækisins á léninu glermenn.is gæti valdið ruglingi við Glermenn einkum í ljósi þess að fyrirtækin eiga í samkeppni. Neytendastofa fær ekki betur séð en að með skráningu lénsins glermenn.is séu Gler og lásar að nýta sér viðskiptavild Glermanna og hafa þannig áhrif á eftirspurn eftir þjónustu fyrirtækisins.

Skráning Glerja og lása á léninu glermenn.is er því að mati Neytendastofu brot á 5. gr. og 2. málslíð 15. gr. a. laga nr. 57/2005, samanber 5. gr. sömu laga. Að mati Neytendastofu er skráning lénsins ekki brot á 8. gr. laganna þar sem litlar líkur eru á því að skráningin hafi almennt áhrif á fjárhagslega hegðun neytenda.



**IV.  
Ákvörðunarorð:**

**„Gler og lásar ehf., Skemmuvegi 20, Kópavogi, hefur með skráningu og notkun lénsins glermenn.is, brotið gegn ákvæðum 5. gr. og 15. gr. a. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005.**

**Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005 er Glerjum og lásur ehf. bönnuð notkun lénsins glermenn.is. Bannið tekur gildi fjórum vikum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar. Gler og lásar ehf. skal á þeim tíma afskrá lénið hjá ISNIC, Internet á Íslandi.“**

Neytendastofa, 13. maí 2011

Tryggvi Axelsson  
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir